



903. fundur stjórnar GSÍ, 8. október 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hörður Geirsson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkeldsdóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (902)

Samþykkt og undirrituð

2. Golfreglur 2019

Hörður Geirsson fjallaði um tímalínuna á útgáfu GSÍ á nýjum golfreglubókum sem nú verða alls þrjár en leikmannabókin fer nú innan skamms í prentun og verður dreift til kylfinga og golfklúbba tímanlega fyrir nýtt golftímabil 2019.

3. Golfumfjöllun á RÚV 2019

Haukur Örn ræddi þær hugmyndir sem viðraðar hafa verið af hálfu menntamálaráðuneytis og snúa að auglýsingasamningum RÚV í framtíðinni. Rætt var hvort og hvernig breyttar reglur RÚV um auglýsingar myndu hafa áhrif á starfsemi og rekstur GSÍ, sérstaklega m.t.t. samstarfsaðila sambandsins.

Samningur GSÍ við RÚV hefur ekki verið endurnýjaður fyrir árið 2019 en til stendur að fara í þær viðræður fyrir áramót.

4. Stefnumótunarvinna í starfsnefndum

Eggert Á. Sverrisson fór yfir skil starfsnefnda á gögnum fyrir formannafundinn. Allar nefndir þurfa að skila af sér fyrir 31. október, þar sem m.a. þurfa að koma fram þær lykilspurningar sem nefndir vilja setja fram á formannafundi í tengslum við stefnumótunarvinnu GSÍ 2020 til 2027.

5. Formannafundur dagskrá, Grindavík 24.11.2018

Dagskrá formannafundar var rædd og sett í endalegan búning fyrir fundinn sem haldinn verður 24. nóvember. Endanleg dagskrá liggur nú fyrir og verður nú í framhaldinu send út á golfklúbbana. Fundargögn verða rafræn og sett verður upp sér heimasíða tengd fundinum.

6. Innheimta félagsgjalda

Brynjar Eldon gerði grein fyrir innheimtu félagsgjalda fyrir árið 2018 og hvaða klúbbar hafa ekki staðið í skilum á félagsgjöldum ársins. Vangreidd félagsgjöld verða innheimt



með dráttarvöxtum frá gjalddaga. Tillaga var samþykkt að fjárhagsnefnd verði falið að endurskoða reglur um innheimtu á félagagjöldum og aðgerðir í tengslum við vanskil golfklúbba.

7. PGA golfkennaraskóli

Almennar umræður um golfkennaraskóla PGA fóru fram en skráning í námið hefur verið góð á haustmánuðum og útlit er fyrir að skólinn fari af stað fljótlega.

Innihald samnings milli GSÍ og PGA var rætt og hvernig útfærsla á námstyrkjum fyrir nemendur, sem koma af landsbyggðinni, muni koma til með að vera. Bréf verður sent út til golfklubbanna á landsbyggðinni þar sem styrkurinn verður kynntur og óskað verður eftir umsóknum.

8. Önnur mál

- Golfklúbbar og sveitarfélög, sitja golfklúbbar við sama borð og önnur íþróttafélög. Aukin aðkoma GSÍ að samræðum golfklúbba við sveitarfélög var rædd.
- Útgáfunefnd óskar eftir fjárveitingu í tengslum við gagnavinnslu og utanumhald hjá auglýsingastofu fyrir formannafund, samtals 300.000.- kr. Samþykkt var að bíða með ákvörðun um fjárveitingar vegna slíkrar vinnu þar til fyrir lægi hvort fleiri starfsnefndir þyrftu á utanaðkomandi aðstoð að halda. Málið yrði þá skoðað og rætt í stærra samhengi.
- Dómaranefnd óskaði eftir fjárveitingu 300.000.- kr til þess að prenta tímanlega um 400 eintök af bók sem tengist endurmenntun dómara vegna breytinga á golfreglum. Var beiðnin samþykkt.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:15